



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 23. nóvember 2016

R16110137

Borgarráð

Kirkjugarðar Reykjavíkur, leiga á bílastæðum.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi leigusamning um leigu á stæðum á lóð Kirkjugarða Reykjavíkur.

Greinargerð: Við byggingu Klettaskóla fækkaði bílastæðum fyrir kennara verulega auk þess sem skólinn stækkar og kennurum fjölgar. Til þess að starfsmenn geti lagt bílum sínum hefur verið leigt svæði af Kirkjugörðum Reykjavíkur og miðast leiga við 40 stæða notkun sem er meðaltalsnotkun kennara á stæðunum.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:


Leigusamningur um bifreiðastæði dags. 21. nóv. 2016.


SAMNINGUR UM AFNOT BÍLASTÆÐA Á LÓÐ KIRKJUGARÐA REYKJAVÍKUR

Kirkjugarðar Reykjavíkurborgar (KGRP) kt. 690169-2829, sem leigusali og Reykjavíkurborg kt. 5302697609, sem leigutaki gera með sér svofelldan afnotasamning um bílastæði innan girðingar norðan við Fossvogskirkju, skv. afmörkun á meðfylgjandi teikningu:

1. Alls leigjast 40 stæði á lóðinni og er um samnýtingu stæða að ræða fyrir starfsmenn eða gesti KGRP og starfsmenn Klettaskóla við Suðurhlíð.
2. Stæðin verða ómerkt og í sameiginlegri notkun, sbr. lið 1.
3. Samningur þessi er gerður til 10 ára og er óuppsegjanlegur á gildistíma hans nema báðir aðilar samþykki uppsögn hans.
4. Við lok gildistíma samningsins skal endurnýja hann í sama tíma og á sömu kjörum enda bjóði starfsemi KGRP upp á áframhaldandi samnýtingu stæða starfsmanna og gesta með starfsmönnum Klettaskóla.
5. Greidd skal eingreiðsla kr. 400.000 pr. ár fyrir afnot bílastæðanna bundið neysluvísitölu júlí mánaðar 2013 eða kr. 10.000 pr. stæði á ári. Skal KGRP tilkynnt formlega þegar afnotin hefjast. Skulu greiðslur hefjast fyrir afnotin vegna ársins 2016.

Reykjavík 21. nóv. 2016



Samþykkur f.h. KGRP



Samþykkur f.h. Reykjavíkurborgar

með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Vottar að rétttri undirskrift,

fjarræði og dagsetningu:


Kt. 230654-3879


Kt. 200285-3449